

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

#### 1. gr.

1. og 2. mgr. 8. gr. reglnanna breytast og orðast svo:

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá þjónustumiðstöð eða með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr. Umsækjandi um fjárhagsaðstoð skal leggja fram persónuskilríki með mynd þegar umsókn er lögð fram á þjónustumiðstöð en rafræn umsókn skal staðfest með rafrænum skilríkjum umsækjanda.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð en ekki er gerð krafa um undirritun þegar umsókn er gerð með rafrænum hætti. Á umsóknareyðublöðum skal koma fram, eftir atvikum, upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélagi, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og fedralaun.

#### 2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 3. apríl 2019, og á fundi borgarráðs 11. apríl 2019, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, eru ívillandi og tóku gildi 1. apríl 2019.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. júní 2019.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2019